

Bréf fjármálaráðuneytisins til vélaverkstæðisins Foss, um toll- 115
flokkun á vélum til brýningar sláttuvélarblaða. 24. okt.

Ráðuneytið hefur mótttekið bréf yðar, dags. 7. þ. m., varðandi tollflokkun á vélum til brýningar sláttuvélarblaða, og úrskurðar af því tilefni að umræddar brýningarvélar skuli flokka sem vélar og áhöld til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu og eiga þær samkvæmt því að teljast í 72. kafla 21 tollskrár.

REGLUR

116

13. ágúst

um hreindýraveiðar í Múlasýslum árið 1955.

1. gr.

Árið 1955 skal heimilt að veiða allt að 600 hreindýr í Múlasýslum. Skal veiðin fara fram á tímabilinu 20. ágúst til septemberloka. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar síðar á árinu, ef í ljós kemur, að eigi hefur á aðalveiðitímabilinu tekizt að ná þeirri tölu dýra, sem heimilt er að farga, enda mæli eftirlitsmaður hreindýranna með lenging veiðitímans.

2. gr.

Hreindýraveiðar skulu fara fram undir umsjá hreindýraeftirlitsmanns og aðstoðarmanna, er hann kann að kveðja til.

3. gr.

Tala þeirra dýra, sem heimilað er að veiða samkvæmt 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa:

(1) Fljótsdalshreppur	150 hreindýr
(2) Jökuldalshreppur	130 —
(3) Fellahreppur	80 —
(4) Tunguhreppur	75 —
(5) Hlíðarhreppur	30 —
(6) Hjaltastaðahreppur	15 —
(7) Skriðdalshreppur	43 —
(8) Vallahreppur	25 —
(9) Egilsstaðahreppur	7 —
(10) Eiðahreppur	15 —
(11) Beruneshreppur	15 —
(12) Geithellnahreppur	15 —

Samtals 600 hreindýr

4. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót, ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr eigi til skipta.

5. gr.

Hreppsnefndir þeirra hreppa, sem að framan eru nefndir, sjá um veiði þeirra hreindýra, sem þeim eru ætluð samkvæmt 3. gr. Skulu hreppsnefndir, hver í sínu